

Guðrún Hallgrímsdóttir
Brautryðjandi í verkfræði
Viðurkenning Kvennanefndar VFÍ
2013

Guðrún Hallgrímsdóttir er fædd í Reykjavík árið 1941. Hún átti greiða leið að stúdentsprófi með stuðningi foreldra sinna en fjárskortur hindraði í fyrstu frekara nám. Þegar Guðrúnu bauðst styrkur til háskólanáms í Austur-Þýskalandi stökk hún samdægurs frá vinnu í síldarverksmiðju á Seyðisfirði til Reykjavíkur og síðan utan. Guðrún lauk prófi í matvælaverkfræði frá Humboldt-Universität í Berlín árið 1968 og stundaði að því búnu framhaldsnám í heilbrigðiseftirliti. Þessi frumkvöðull í röðum kvenverkfræðinga á Íslandi, sem var fyrst kvenna til að ljúka námi í matvælaverkfræði, ákvað að halda heim árið 1969. Guðrún hefur gegnt fjölbreyttum hlutverkum og mörg þeirra höfðu karlar löngum setið nær einir að. Stjórnunarstörf bæði hjá einkafyrirtækjum og hinu opinbera hafa komið í hlut Guðrúnar. Hún var stjórnarformaður í byrjun áttunda áratugarins og bankaráðsmaður í byrjun þess níunda svo dæmi séu tekin – verkefni sem örfáar konur höfðu þá fengið að takast á við. Guðrún hefur auk heldur reynslu af alþjóðlegu starfi Sameinuðu þjóðanna.

Guðrún hefur unnið sér nafn fyrir margvísleg félagsstörf. Hún var ein fyrsta konan sem tók virkan þátt í starfi Verkfræðingafélags Íslands og var sæmd heiðursmerki félagsins 2006. Guðrún vann einnig að stjórn máli, var varaþingmaður og tók þá sæti á Alþingi Íslendinga um tíma. Kvenfrelsisbaráttan á sér öflugan fylgismann í Guðrúnu og umhverfishreyfingin hefur jafnframt notið krafta hennar. Guðrún situr nú í háskólaráði Háskóla Íslands.

Spor Guðrúnar Hallgrímsdóttur liggja svo víða að ómögulegt er að geta þeirra allra. Hér verða aðeins taldar nokkrar helstu vörður á starfsævi hennar. Á árunum 1969–1977 var Guðrún forstöðumaður rannsóknarstofnunar Búvörudeildar SÍS. Árið 1977 var Guðrún ráðin iðnþróunarfulltrúi hjá Iðnþróunarstofnun Sameinuðu þjóðanna UNIDO í Vínarborg og starfaði þar fram til ársins 1979. Eftir að hún kom heim aftur varð Guðrún deildarstjóri í iðnaðarráðuneytinu og vann þar til 1985. Næstu fimm árin var Guðrún forstöðumaður hjá Ríkismati sjávarafurða. Hún varð síðan sérfræðingur í sjávarútvegsráðuneytinu, verkefnisstjóri um gæðastjórnun í matvælaiðnaði og var að lokum ráðin verkefnisstjóri á fræðsludeild Iðntæknistofnunar og vann þar á árunum 1996–2004 þegar Guðrún lét af störfum.

Kvennanefnd Verkfræðingafélags Íslands hefur ákveðið að heiðra Guðrúnu Hallgrímsdóttur. Hún er ekki aðeins merkur brautryðjandi meðal verkfræðinga og kvenna heldur frumkvöðull á fjölmörgum sviðum í íslensku samfélagi.